

Nd.

93. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Kristján Thorlacius.

1. gr.

Síðasti málsliður 5. mgr. 50. gr. laganna orðist svo:
Tekjur húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu í þessu sambandi metnar jafnar hámarkslaunum barnakennara, eins og þau eru á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 50. gr. laga nr. 40 1963, um almannatryggingar, er ákvæði um, að þegar ákveða skal sjúkradagpeninga húsmæðra, skuli tekjur þeirra metnar til jafns við tekjur öryrkja eða, svo að vitnað sé í 13. gr. laganna, þá þeirra, sem ekki eru færir um að vinna sér inn $\frac{1}{4}$ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn.

Hér er um fráleitt ákvæði að ræða og greinilega leifar frá þeim tíma, að konur höfðu ekki í orði, hvað þá heldur á borði, jafnrétti í launamálum.

Fyrir utan það, að um er að ræða fjárhagslegt hagsmunamál fyrir allar húsmæður í landinu, er þetta svo niðrandi mat á húsmóðurstarfinu, að ekki tekur tali.

Flestir viðurkenna, að heimilið og uppeldisstarfið, sem þar fer fram, sé það, sem þjóðfélagið eigi hvað mest undir. Er því ranglátt og hættulegt að vanmela svo starf þess forstöðumanns heimilisins, sem oft og tíðum hvílir hvað mest ábyrgð á.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að þetta verði leiðrétt og tekjur húsmæðra miðaðar við laun barnakennara, þegar sjúkradagpeningar eru ákveðnir til þeirra.